



---

Félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa

21.mars 2017

Velferðanefnd Alþingis

**Efni: Umsögn um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 (fæðingarhjálp). 110.mál**

FÍÆT, félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi hefur farið yfir tillögur um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 (fæðingarhjálp). 110.mál. Félaginu lýst vel á breytingarnar sem munu létta örlítið undir með þeim sem þurfa að nýta sér þennan valkost. Félagið vill þó leggja áherslu á mikilvægi þess að foreldrar sem eru búsettir á landsbyggðinni eigi að geti verið heima og fengið fæðingarhjálp í sinni heimabyggð, eða fjarlægð sem getur talist eðlileg frá heimili fólks.

Með bestu kveðju

f.h. stjórnar FÍÆT

Bragi Bjarnason  
formaður FÍÆT



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík  
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík 17. mars 2017

**Efni: Umsögn til velferðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 (fæðingarhjálp), þingskjal 169 - 110.mál**

Landspítali hefur fengið ofangreint mál til umsagnar sem varðar lengingu fæðingarorlofs/styrks til foreldra sem þurfa að sækja fæðingarhjálp utan heimabyggðar.

Hér að neðan er umsögn fagaðila spítalans:

Umsögn frá Landspítala/ Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kvenna- og barnasviðs í samráði við starfsmenn sviðsins.

„Umsagnaraðilar eru hlynntir þessu frumvarpi og telja það til mikilla bóta. Þó er sett fram ein athugasemd en fæðingarhjálp er veitt á fæðingavakt, þ.e. þjónusta við fæðandi konu. Fyrirsögnin á 1. og 2. grein frumvarpsins ætti kannski frekar að vera "Foreldrar sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu í tengslum við meðgöngu og fæðingu utan heimabyggðar". Í öllu falli er eðlilegra að tala um fæðingarþjónustu sem spannar í raun víðara svið en fæðingarhjálp.

Með því að breyta orðalaginu þá er verið að gera skýrari rétt konu sem þarf t.d. að sækja sérhæfða meðgönguvernd á LSH eða liggja inni á LSH vegna veikinda sinna eða fósturs á meðgöngunni.“

Virðingarfyllt,  
f.h. Landspítala

Velferðarnefnd

Reykjavík, 3. mars 2017

UB:0317/4.1.1

**Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (fæðingarhjálp).**

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (fæðingarhjálp). Með frumvarpinu er ætlunin að leiðrétta aðstöðumun sem er á milli verðandi mæðra sem ekki stendur til boða fullnægjandi fæðingarþjónusta í heimabyggð og þurfi því að dveljast fjarri heimili fyrir fæðingu. Af þessu geti leitt nokkur aðstöðumunur milli þessa hóps og þeirra sem eigi kost á fæðingarhjálp í heimabyggð.

Öryggi og heilsa er mikilvæg fyrir líðan verðandi móður í nýju foreldrahlutverki. Það er því hluti af fæðingarferlinu að tryggja að allar verðandi mæður geti treyst því að þær muni fæða við öryggi í fæðingarhjálp.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, viðurkenna aðildarríki rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar, sbr. 1. mgr. 24. gr. Aðildarríkjum er því skylt að kappkosta við að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu. Til að stefna að því að réttur þessi komist að fullu til framkvæmda skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. tryggja mæðrum viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir og eftir fæðingu, sbr. d-lið 2. mgr. 24. gr. Slíka þjónustu ber að tryggja hverju einstöku barni án mismununar af nokkru tagi, m.a. aðstæðna foreldris þess, sbr. 2. gr. samningsins. Umboðsmaður barna fagnar því ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

22. mars 2017

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík - IS

**Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 (fæðingarhjálp).**

UNICEF á Íslandi hefur fengið ofangreint mál til umsagnar sem varðar fæðingarorlof og fæðingarstyrk til foreldra sem þurfa á fæðingarhjálp og tengdri heilbrigðisþjónustu að halda utan heimabyggðar sinnar. Mikill kostnaður getur fylgt því að sækja sérhæfða heilbrigðisþjónustu utan heimabyggðar þegar upp koma vandamál á meðgöngu. Auk þess er almennt gert ráð fyrir að konur séu í öruggri nálægð við fæðingarhjálp síðustu vikur meðgöngu, en fyrir tiltekinn hóp foreldra þýðir það nokkurra vikna fjarvistir frá heimabyggð með tilheyrandi kostnaði. Verði frumvarpið að lögum auðveldar það foreldrum fjárhagslega að sækja nauðsynlega þjónustu og bætur jafnframt aðstöðumun milli foreldra, sem eru tímabærar breytingar. Þá er sérstaklega jákvætt að í frumvarpinu er lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks framlengist sem nemur þeim tíma sem þeir þurfa að dveljast fjarri heimili, og kemur breytingin því ekki niður á samverutíma barns og foreldra.

Markmið frumvarpsins eru í samræmi við markmið Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var á Íslandi árið 2013. Í 24. grein sáttmálans viðurkenna aðildarríkin rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Þá skulu aðildarríkin kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu, meðal annars með því að tryggja mæðrum viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir og eftir fæðingu. Þá er frumvarpið í samræmi við markmið jafnræðisgreinar Barnasáttmálans (2. gr.) sem kveður á um að tryggja skuli réttindi barns óháð aðstöðum þess eða foreldra þess.

UNICEF á Íslandi styður breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu og fagnar jákvæðum skrefum í átt að bættri þjónustu við barnshafandi konur um allt land.

Virðingarfyllst,



---

Bergsteinn Jónsson  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi  
[bergsteinn@unicef.is](mailto:bergsteinn@unicef.is)  
S: 552 6364 / 615 4049